# Skákþing Vestfjarða 1993



Guðmundur Gíslason Vestfjarðameistari 1993

# Skákþing Vestfjarða 1993

Eftir Halldór Grétar Einarsson – skrifað árið 1993
*Þessi grein birtist í Tímaritinu Skák á sínum tíma, en er núna endurútgefin í janúar 2011.*

Skákþing Vestfjarða 1993 fór fram á Flateyri dagana 19.-21.júní. Sigurður Hafberg og félagar sáu um framkvæmd mótsins og fórst það vel úr hendi, enda þrautþjálfaðir í stórmótahaldi. Þátttakendur voru 18 talsins, 5 Ísfirðingar, 4 Bolvíkingar, 3 Flateyringar, 2 Súðvíkingar, 1 Suðureyringur, 2 boðsgestir komu frá Akureyri og 1 boðsgestur úr Garðabæ.

Eins og sést á mótstöflunni var mótið mjög vel skipað. Meðalstigafjöldi 10 stighæstu var 2140. Vestfirskir skákmenn hafa eflst mjög á undanförnum árum. Fram er kominn þéttur hópur manna með yfir 2000 stig og nokkrir ungir og efnilegir skákmenn stefna óðfluga í þann flokk. Þetta skákþing var ekkert einsdæmi því mótin undanfarin ár hafa verið í svipuðum styrkleikaflokki. Í rauninni hafa Skákþing Vestfjarða og Skákþing Norðurlands verið betur skipuð heldur en áskorendaflokkurinn til margra ára. Til að gera veg þessara tveggja móta enn meiri væri ráð að efsti maður úr hvoru móti ætti rétt á sæti í landsliðsflokki.
Í dag eiga eftirfarandi aðilar sæti í landsliðsflokki:

- 4 efstu á síðasta móti
- 3 stigahæstu menn landsins
- 2 úr áskorendaflokki
- 3 valdir af stjórn S.Í.

Í tillögu laganefndar sem kynnt var á síðasta aðalfundi S.Í. var gerð tillaga um að fjölga sætum úr áskorendaflokki úr 2 í 3 á kostnað eins sætis frá síðasta móti. Mér fyndist einnig góð hugmynd að stjórn S.Í. eyrnamerkti sín þrjú sæti í landsliðsflokki til efstu manna í Skákþingi Reykjavíkur, Skákþingi Vestfjarða og Skákþingi Norðurlands, allavega næstu árin. Með þessu fyrirkomulagi yrði teflt um 6 sæti af 12 í landsliðsflokki. Þetta myndi auka þátttökuna í þessum mótum og efla skáklífið. Tímasetning tveggja síðast nefndu mótanna er líka mjög góð. Þau eru yfirleitt haldin á vorin en landsliðsflokkurinn snemma hausts. Ekkert væri því til fyrirstöðu að menn tækju þátt í öllum mótunum til að freista þess að ná landsliðsflokkssæti.
Laganefndi kynnti einnig löngu tímabæra tillögu um að breyta áskorendaflokki. Tillagan gerir ráð fyrir að breyta honum í 10 manna lokaðan flokk með þátttökurétt eftirfarandi aðila:

- 2 efstu úr opnum flokki
- 6 úr héraðs- og bæjarmótum
- 2 valdir af stjórn S.Í.

Sex sætunum úr héraðs- og bæjarmótum yrði ráðstafað til sex sterkustu mótanna (meðalstig 5 stigahæstu keppenda) þó með tilliti til jafnræðis á milli landshluta. Ef fyrr nefndar hugmyndir mínar næðu fram að ganga, þyrfti að taka meðalstig 10 stigahæstu manna í skákþingum Reykjavíkur, Vestfjarða og Norðurlands í stað 5 þegar bera á styrkleika þeirra saman við styrkleika annarra héraðs- og bæjarmóta (þá ætti sá í öðru sæti möguleika á sæti í áskorendaflokki). Einnig er ég þeirrar skoðunar, að tvö sætin sem stjórn S.Í. úthlutar í áskorendaflokki ættu að fara til tveggja efstu í þeim flokki árið áður.

En áfram með Skákþing Vestfjarða 1993.

**1.umferð**

Hópnum var skipt í tvennt eftir stigum og tefldi efsti maðurinn úr stigahærri hópnum við þann efsta í þeim stigalægri. Tefldar voru atskákir í þessari umferð og urðu úrslit þau að efri flokkurinn vann á öllum borðum.

**2.umferð (helstu úrslit)**

Rúnar Sigurpálsson – Guðmundur Gíslason 0-1
Halldór Grétar Einarsson – Arinbjörn Gunnarsson 0-1
Sigurður Daníelsson – Guðmundur Halldórsson 0-1

Hvítt: **Rúnar Sigurpálsson**
Svart: **Guðmundur Gíslason**
Grunfeld vörn - D77
**1.d4 Rf6 2.Rf3 g6 3.g3 Bg7 4.Bg2 0-0 5.0-0 d5 6.c4 dxc4 7.Da4?!**



7.Ra3 Ra6 (7...c3 8.bxc3 c5 9.e3 Rc6 10.De2 Bf5 11.Bb2 e5 12.Hfd1N e4! 13.Re5 Rxe5 14.dxe5 Rd7 15.g4 Be6 16.Bxe4 Dh4 17.f4 Dxg4+ Konopka-Lagunov 1/2-1/2 í 36 leikjum Þýskaland '93) 8.Rxc4 c5 9.b3 Bf5 10.Bb2 Be4 11.Hc1 b6= Adorjan]
**7...Rc6 8.Dxc4 Bg4 9.Hd1 e5 10.Rc3 exd4**
10...Bxf3 11.Bxf3 Rxd4 12.Bxb7 Hb8 13.e3
**11.Rxd4 Rxd4 12.Hxd4 Dc8 13.Rb5 c5 14.Rd6**



14.Hd1 Hd8 15.Bg5 Hxd1+ 16.Hxd1 h6 17.Bxf6 Bxf6 18.Rd6 De6 19.Bd5 Dxe2 20.Dxe2 Bxe2 21.He1 Hd8 22.Bxf7+ Kg7 23.Re8+ Kxf7 24.Rxf6 Bf3 með betri stöðu á svartan.
**14...cxd4! 15.Rxc8 Haxc8 16.Dd3**
Ef 16.Dxd4 þá 16...Hfd8 og vinnur.
**16...Hfe8 17.Bf3**
Annar möguleiki var 17.Bg5 Bxe2 18.Dxd4 Re4 19.De3 Rxg5 20.Dxg5 Bxb2 21.Hb1 Hc2 22.Dd5 Bc4 23.Dxb7 Bd4 með mikilli sókn.
**17...Bf5 18.Dxd4**
18.Db3!?
**18...Hed8 19.Da4 b5 20.Db3 Be6 21.De3 Hd1+ 22.Kg2 Rg4 23.De4**
Ef 23.Bxg4 þá Bxg4 24.f3 Bd4 ásamt Hg1 mát.
**23...Re5 24.Df4 Rxf3**



Svartur er búinn að fjarðlægja aðal varnarmann hvíts og eftirleikurinn er auðveldur.
**25.Kxf3 Hc4 26.Db8+ Bc8 27.Bh6 Hxa1 28.Bxg7 Kxg7 29.De5+ Kf8 30.Dxb5**
30.Dh8+ Ke7 31.De5+ Be6 og vinnur.
**30...Hac1 31.De5 Bb7+**
Gefið
*Skýringar: Guðmundur Gíslason og Halldór Grétar*
**0-1**

Hvítt: **Sigurður Daníelsson**
Svart: **Guðmundur Halldórs**
Aljekín vörn - B03
**1.e4 Rf6 2.e5 Rd5 3.d4 d6 4.c4 Rb6 5.f4 dxe5 6.fxe5 Bf5 7.Rf3 e6 8.Be2 c5**
Refsing fyrir að leika ekki Rc3.
**9.Bg5 Be7**
9...Dd7 er athyglisvert.
**10.Bxe7 Kxe7!**
Til að halda valdinu á d5. 10...Dxe7 11.d5
**11.Rc3 cxd4 12.Rxd4 Bg6**



**13.Rcb5**
13.Bf3 Dc7 14.De2 Rxc4; 13.0-0 Rc6 14.Rxc6+ bxc6 15.Dxd8+ Hhxd8 16.Hfd1.
**13...Rc6 14.Rxc6+ bxc6 15.Rd6 Rd7!**
Nú vinnur svartur peð.
**16.0-0 Db6+ 17.Kh1 Rxe5 18.Hc1 c5**
Annað peð fellur nú hjá hvítum.
**19.Rb5 a6 20.Rc3 Dxb2 21.Ra4 Dd4**
Betra er Db4 vegna tempótapsins
**22.Db3 Dd6 23.Hcd1 Dc6 24.De3 f6 25.Rxc5 Hhc8 26.Rb3 Rxc4 27.Bxc4 Dxc4 28.Hfe1 e5 29.Db6**



**29. - Be8!**
Lagar stöðuna, tveim peðum yfir.
**30.Rd4 Bd7 31.Db1 g6 32.Db7 Dc7 33.Db4+ Kf7 34.Rf3 Hab8 35.Dh4 h5 36.Hf1 Bf5 37.Df2 Db6 38.Dd2 Hd8 39.Dh6 Hxd1 40.Hxd1 Hd8 41.Dh7+ Ke6 42.He1 Df2 43.Dc7 Hd6 44.Dc4+ Ke7 45.Hf1**



**45. - Hc6!**
Nú er eftirleikurinn auðveldur.
**46.Db4+ Dc5 47.Dd2 Dd6 48.Dh6 De6 49.Hd1 Dxa2 50.Rh4 Dg8 51.Dd2 Dc8 52.Dh6 Ke6 53.Rf3 Hc2 54.De3 Kf7 55.Rh4 Dc6 56.Db3+ Be6 57.Dg3 Bg4 58.He1 Hc1 59.Db3+ Kg7**
Gefið

*Skýringar: Guðmundur Halldórsson*

**0-1**

**3.umferð (helstu úrslit)**

Róbert Harðarson – Guðmundur Gíslason 0-1
Guðmundur Halldórsson – Arinbjörn Gunnarsson ½ - ½
Ægir Páll Friðbertsson – Sigurður Daníelsson 1-0
Sigurður Hafberg – Sævar Jens Hafberg 1-0

Hvítt: **Róbert Harðarson**
Svart: **Guðmundur Gíslason**
Sikileyjarvörn - B90

**1.e4 c5 2.Rf3 d6 3.d4 cxd4 4.Rxd4 Rf6 5.Rc3 a6 6.Be3 e5 7.Rb3 Be6 8.Dd2 Rbd7 9.f3 Hc8 10.g4 Rb6 11.g5 Rfd7 12.0-0-0 Rc4 13.Bxc4 Bxc4 14.Rd5 Bxd5 15.Dxd5 Dc7 16.Dd3 Be7 17.Kb1 0-0 18.Rc1 Rc5 19.Bxc5 dxc5 20.De3 Hfd8 21.Hd5 Hxd5 22.exd5 Dd8 23.Dxe5 Bxg5 24.He1 Bf6 25.De4 g6 26.Rd3 c4 27.Re5**



**27. - c3 28.Rd3 cxb2 29.c4 Bc3 30.He2 Dg5 31.Rxb2 b5 32.Hc2 Bxb2 33.Kxb2 bxc4 34.Hxc4 Dd2+ 35.Ka3 Da5+ 36.Kb3 Hb8+ 37.Hb4 Hxb4+ 38.Dxb4 Dxd5+ 39.Dc4 Dxf3+ 40.Ka4 Db7 41.Ka5 h5 42.Dxa6 Dc7+ 43.Kb4 Dxh2 44.Dc8+ Kh7 45.a4 Db2+ 46.Ka5 Df2 47.Kb5 De2+ 48.Kb6 De3+ 49.Kb5 Db3+ 50.Ka5 h4 51.Db7 De6 52.Kb4 h3 53.Dh1 Dg4+**
Gefið

**0-1**

Hvítt: **Guðmundur Halldórs**
Svart: **Arinbjörn Gunnars**
Grunfeld vörn - D85

**1.d4 Rf6 2.c4 g6 3.Rc3 d5 4.cxd5 Rxd5 5.e4 Rxc3 6.bxc3 Bg7 7.Be3 c5 8.Dd2 Da5 9.Hc1 Rc6 10.d5 Re5 11.h3?**
Betra er 11.Be2
**11...Da4 12.c4**



**12. - b5! 13.Bxc5 Rxc4 14.Bxc4 bxc4 15.Re2 c3 16.Rxc3 Bxc3 17.Hxc3**
17.Dxc3 Dxe4+ 18.Be3 0-0 19.0-0 f6 20.Hfd1.
**17...Dxe4+ 18.He3 Db1+ 19.Dd1 Dxd1+ 20.Kxd1 e6 21.Kd2**
Betra er 21.Kc2! Bd7 22.Kc3.
**21...Bb7 22.dxe6**



**22. - 0-0-0+ !**
Jafnar taflið snarlega.
**23.Kc3 fxe6 24.Hxe6 Bxg2 25.Hb1 Bxh3 26.Hc6+ Kd7 27.Ha6 Hc8 28.Hb7+ Hc7 29.Hxc7+ Kxc7 30.Hxa7+ Kc6 31.Bd4 Hc8 32.Hxh7 Kd5+ 33.Kb4 Hb8+ 34.Kc3 Hc8+ 35.Kb4 Hb8+ 36.Ka3 Kxd4 37.Hxh3 Hf8 38.Hh4+ Kc3 39.Hg4 Hxf2 40.Hxg6 Kc4 41.Hb6 Hh2 42.Hb8 Hg2**
Jafntefli

**½-½**

**4.umferð (helstu úrslit)**

Guðmundur Gíslason – Guðmundur Halldórsson 1-0
Arinbjörn Gunnarsson – Róbert Harðarson ½- ½
Halldór Grétar Einarsson – Rúnar Sigurpálsson 1-0
Magnús Sigurjónsson – Sigurður Daníelsson 1-0
Sigurjón Sigurbjörnsson - Ægir Páll Friðbertsson 1-0

Staðan: 1. Gummi Gísla 4 vinninga 2.-5. Arinbjörn, Halldór Grétar, Sigurjón, Magnús Sigurjónsson 3 vinninga.
Gummi byrjaði af miklum krafti eins og svo oft áður og ætlar sér greinilega að hampa Vestfjarðabikarnum eina ferðina enn.

Hvítt: **Guðmundur Halldórs**
Svart: **Guðmundur Gíslason**
Kóngindversk vörn - E97

**1.d4 Rf6 2.c4 g6 3.Rc3 Bg7 4.e4 d6 5.Be2 0-0 6.Rf3 e5 7.0-0 Rc6 8.d5 Re7 9.b4 c6 10.Db3 b5 11.cxb5 cxd5 12.exd5 Bb7 13.Hd1 Hc8 14.Bg5 h6 15.Be3**



**15. - e4 16.Rd4 Rfxd5 17.Rxe4 Rf5 18.Bf3 Rdxe3 19.fxe3 Rxd4 20.exd4 Db6 21.Dd3 Bxe4 22.Bxe4 d5! 23.Bxd5 Hcd8 24.Dc4 Dd6 25.Bf3 Bxd4+ 26.Kh1 Bxa1 27.Hxd6 Hxd6 28.g3 Hfd8 29.a4 Bf6 30.a5 Kg7 31.b6 axb6 32.a6 Hd3 33.Be2?**
33.Dxd3! Hxd3 34.a7=
**33...Ha3 34.b5 Hd4 35.Dc2 Hb4 36.Kg2 Hb2 37.Dc4 h5 38.Kf2 Haa2 39.Kf3 Be5 40.Bd1 Ha3+ 41.Ke4 Bc3 42.Kd5 Hd2+ 43.Kc6 Hxd1 44.a7 Bf6 45.Kxb6 Hda1 46.Kc6 Hc3 47.Dxc3 Bxc3 48.b6 Bd4** Gefið

*Skýringar: Guðmundur Halldórsson*

**0-1**

Hvítt: **Halldór Grétar**
Svart: **Rúnar Sigurpálsson**
Skandinavísk vörn - B01

**1.e4 d5 2.exd5 Rf6 3.d4 Rxd5 4.Rf3 g6 5.c3 Bg7 6.Bd3**
Vanalega er biskupinn settur á e2 eða c4.
**6...0-0 7.0-0 Rd7 8.Db3!?**
Hvítur reynir að trufla aðgerðir svarts á drottningarvæng.
**8...c6 9.He1 Db6 10.Da3 He8!?**
Með athyglisverðu framhaldi í huga. Ef 10...c5 þá 11.Bc4 e6 12.Bxd5 exd5 13.dxc5 Dxc5 (Ekki 13...Rxc5 14.Be3) 14.Dxc5 Rxc5 15.Hd1 Be6 16.Be3 og hvítur fær ágætis stöðu til að moða úr.
**11.c4 Rb4**
Svartur fórnar manni fyrir tvö peð.
**12.c5**



**12.-Rxc5 13.dxc5 Dxc5 14.Rbd2**
Eftir 14.Be3 Dd6 15.Hd1 (15.Bd2 Rxd3 16.Dxd6 Rxe1 með betri stöðu á svart) 15...Rxd3 16.Hxd3 Bxb2 fær svartur mun betra tafl.
**14...a5**
Ef 14...Dd6 þá 15.Bb1 með hugmyndinni Re4
**15.Bb1 Bf5 16.Re4 Bxe4 17.Bxe4 f5 18.Be3 Db5 19.Bb1**
Hvítur er í miklum vandræðum vegna margvíslegra hótana svarts á drottningarvæng.
**19...Had8 20.Db3+ Dd5 21.Bb6 Hd7 22.Bxa5**



Skásti kosturinn, en nú lokast biskup og annar hrókur hvíts inni. Hann vonast þó til að þeir losni fljótlega úr prísundinni.
**22...Dxb3 23.axb3 Bxb2 24.Ha4 c5 25.Bb6 Bc3 26.Hc1 Hc8 27.h4 Bb2 28.He1 Bc3 29.Hc1 Bb2 30.Hf1 Bc3 31.h5 Kg7 32.hxg6 hxg6 33.g3 e5 34.Kg2 e4 35.Rg5 Kf6 36.Rxe4+**

Hvítur neyðisr til að fórna manninum til baka til að létta á stöðu sinni.

**36...fxe4 37.Bxe4 Rd5 38.Ba5 b6 39.Bxd5 Bxa5 40.Hf4+**

Hvítur nær að skera á milli kóngsins og g-peðsins og viðheldur örlitlum vinningsmöguleika.

**40...Ke5**

Ef 40...Kg7 þá 41.Be6.

**41.Bc4 Hb8 42.Bb5 Hd4 43.Hf7 Ke6 44.Hf3 Hh8 45.Bc4+ Ke7 46.Hf7+ Kd8 47.Hg7 Hd6 48.Hc1 Hf8 49.Hc2 Hff6 50.He2 Hd2 51.Hg8+ Kc7**

Ekki 51...Kd7 52.Bb5+ Kc7 53.Hg7+ Kc8 54.He8+ Hd8 55.Ba6+ Kb8 56.Hxd8 mát.

**52.Hxd2 Bxd2 53.f4**



Hvítur hefur bætt stöðu sína jafnt og þétt og g-peðið er á leiðinni að falla. Nú leikur svartur illilega af sér og tapar strax.

**53...Kd6? 54.Hd8+**

Gefið

*Skýringar: Halldór Grétar*

**1-0**

**5.umferð (helstu úrslit)**

Guðmundur Gíslason - Arinbjörn Gunnarsson ½ -½
Sigurjón Sigurbjörnsson - Halldór Grétar Einarsson 0-1
Guðmundur Halldórsson - Magnús Sigurjónsson 1-0
Róbert Harðarson - Rúnar Sigurpálsson 1-0
Ægir Páll Friðbertsson – Guðmundur Magnús Daðason ½ -½

Skák Gumma og Arinbjarnar var hörkuspennandi. Arinbjörn, sem hefur náð góðum úrslitum á móti Gumma í gegnum árin, veitti eimreiðinni harða mótspyrnu og stöðvaði sigurgöngu hans.
Staðan: 1. Gummi Gísla 4 ½ vinning 2. Halldór Grétar 4 vinninga 3.-5. Arinbjörn, Guðmundur Halldórs, Róbert 3 ½ vinning.

Hvítt: **Sigurjón Sigurbjörns**
Svart: **Halldór Grétar**
Drottningarpeðsbyrjun A48

**1.d4 Rf6 2.Rf3 g6 3.b3 Bg7 4.Bb2 0-0 5.e3 b6 6.Rbd2 c5 7.Be2 Bb7 8.0-0 d6 9.c4 Rbd7 10.Hc1 He8 11.Dc2 cxd4 12.exd4 e5 13.dxe5 dxe5 14.Hfd1 Bh6!**

Flytur biskupinn á skálínu þar sem hann geriri meira gagn.

**15.Dc3 Hc8 16.h4 Rd5 17.Dc2 Rb4 18.Db1 e4**

Svartur rúllar yfir hvítan.

**19.Rg5 Bxg5 20.hxg5 Dxg5 21.Bd4 Rc5 22.Be3 De5 23.Bxc5 bxc5 24.Rf1 Hcd8 25.a3 Rd3 26.Bxd3 exd3 27.Hxd3?**



Leggur gildru fyrir svartan.

**27...Hxd3**

Svartur hefði fallið í gildruna með 27...Be4 28.Hxd8 Bxb1 29.Hxe8+ Dxe8 30.Hxb1 og hvítur er á lífi.

**28.Dxd3**

En nú fellur hvítur sjálfur í gildru.

**28...Dg5!** Gefið

*Skýringar: Halldór Grétar*

**0-1**

Hvítt: **Guðmundur Halldórs**
Svart: **Magnús Sigurjónsson**
Drottningarpeðsbyrjun E01

**1.d4 d5 2.Rf3 c6 3.g3 Rf6 4.Bg2 e6 5.c4 Bb4+ 6.Bd2 Bxd2+ 7.Rbxd2 Rbd7 8.0-0 0-0 9.Dc2 He8 10.e4 dxe4 11.Rxe4 Rxe4 12.Dxe4 Rf6 13.Dc2 a5 14.Hfe1 Dc7**



**15.c5! h6 16.Re5 Hd8 17.Had1 Bd7 18.He3 Be8 19.Bf1 Rd5 20.Ha3 Rb4 21.De4 Rd5 22.Bd3 Rf6**

**23.Dh4 b5 24.Bc2 Hd5 25.Hf3 Hxc5! 26.dxc5 Dxe5 27.Dd4 Dxd4 28.Hxd4 Rd5 29.Be4 Hc8 30.a3 Kf8**

Erfitt er að vinna úr stöðunni.

**31.b4 a4 32.Bxd5 cxd5 33.He3 Bc6 34.f4 He8 35.Kf2 f6 36.Hd1 Kf7 37.g4 e5 38.fxe5 fxe5 39.Hde1 e4 40.Hd1 He6 41.Hg3 Kf6 42.Ke3 Ke5 43.g5 Hg6 44.gxh6 Hxg3+ 45.hxg3 gxh6 46.Hh1! d4+ 47.Ke2 Be8 48.Hxh6 e3 49.Hh7!**

Mikilvægt er að valda f7 reitinn.

**49...Kd5 50.g4 Kc4 51.He7**

Hvítur er kominn með unnið tafl.

**51...Bc6 52.He6 Bd5 53.Hd6 Be4 54.c6 Kc3 55.c7 Bb7 56.g5 Bc8 57.Hc6+ Kb3 58.g6 Bg4+ 59.Kd3 e2 60.Kd2 Kxa3 61.g7** Gefið

*Skýringar: Guðmundur Halldórsson*

**1-0**

**6.umferð (helstu úrslit)**

Guðmundur Gíslason - Halldór Grétar Einarsson 1-0
Arinbjörn Gunnarsson - Sigurjón Sigurbjörnsson 1-0
Guðmundur Halldórsson - Róbert Harðarson 1-0
Eyþór Atli Scott - Ægir Páll Friðbertsson 1-0
Magnús Sigurjónsson – Stefán Andrésson ½ -½

Úrslitaskákin á milli Gumma Gísla og Halldórs Grétars var stutt og lauk með sigri þess fyrrnefnda. Sigur Gumma var verðskuldaður og í rauninni aldrei í hættu. Arinbjörn og Guðmundur Halldórs tryggðu sér 2.-3. Sætið með því að vinna Sigurjón og Róbert. Boðsgestirnir Róbert, Rúnar og Sigurjón riðu ekki feitum hesti frá þessu móti og létu Vestfirðingar baka sig. Óvæntustu úrslit umferðarinnar urðu í viðureign Súðvíkinganna Ægis Páls og Eyþórs Atla Scott. Þeir voru svipað góðir á sínum yngri árum, en síðan skildu leiðir. Eyþór fór á sjóinn, en Ægir Páll hélt áfram að tefla af krafti. Eftir að Ægir Páll missté sig gekk Eyþór á lagið og sýndi sýnum gamla félaga hvernig ætti að fara að þessu.

Hvítt: **Guðmundur Gíslason**
Svart: **Halldór Grétar**
Kóngindversk vörn - E74

**1.c4 Rf6 2.Rc3 g6 3.e4 d6 4.d4 Bg7 5.Be2 0-0 6.Bg5 c5 7.e5 cxd4 8.exf6 exf6 9.Bd2 dxc3 10.Bxc3 f5 11.Bxg7 Kxg7 12.Rf3 Rc6 13.0-0 Be6 14.Dd2 Df6 15.Hfd1 Hfd8 16.b4 a5 17.b5 Re5 18.Hac1**



**18. - b6?! 19.Rd4 Hac8? 20.f4 Kg8?? 21.Rxe6**

Gefið

**1-0**

Hvítt: **Róbert Harðarson**
Svart: **Guðmundur Halldórs**
Aljekín vörn - B04

**1.e4 Rf6 2.e5 Rd5 3.d4 d6 4.Rf3 Rb6 5.Be2 g6 6.0-0 Bg7 7.exd6 cxd6 8.c4 0-0 9.Rc3 Rc6 10.Be3 Bg4 11.b3 d5 12.c5 Rd7**

Sjaldséður leikur, 12. - Rc8

**13.Hc1?**

13.b4!



**13...Rxc5! 14.dxc5 Bxf3 15.Bxf3 d4 16.Rd5 dxe3 17.Rxe3 Da5 18.Dd7 Hac8 19.Dxb7 Rd4 20.b4 Dxa2 21.Bd5**

Betra er 21.Kh1 sem hótar Ha1

**21...Da4 22.Bc4 e6!**

Allt sprikl er búið.

**23.Hfd1 Hb8 24.De4 Hfd8 25.b5??**



**25. - Re2+!**

Vinnur lið.

**26.Kf1 Rxc1 27.Hxc1 Hxb5 28.Dc6 Da3**

Gefið

*Skýringar: Guðmundur Halldórsson*

**0-1**

# Lokastaðan

| | Nafn | Stig | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | Vinningar | SB |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Guðmundur Stefán Gíslason | 2365 | $1^{12}$ | $1^{9}$ | $1^{6}$ | $1^{3}$ | ½$^{2}$ | $1^{4}$ | 5,5 | 16,5 |
| 2 | Arinbjörn Gunnarsson | 2140 | $1^{5}$ | $1^{4}$ | ½$^{3}$ | ½$^{6}$ | ½$^{1}$ | $1^{10}$ | 4,5 | 18 |
| 3 | Guðmundur Halldórsson | 2250 | $1^{14}$ | $1^{11}$ | ½$^{2}$ | $0^{1}$ | $1^{7}$ | $1^{6}$ | 4,5 | 17 |
| 4 | Halldór Grétar Einarsson | 2350 | $1^{8}$ | $0^{2}$ | $1^{14}$ | $1^{9}$ | $1^{10}$ | $0^{1}$ | 4 | 16,5 |
| 5 | Eyþór Atli Scott | 1580 | $0^{2}$ | $0^{12}$ | $1^{17}$ | $1^{16}$ | $1^{18}$ | $1^{13}$ | 4 | 11,5 |
| 6 | Róbert Lagerman | 2320 | $1^{7}$ | $1^{13}$ | $0^{1}$ | ½$^{2}$ | $1^{9}$ | $0^{3}$ | 3,5 | 18 |
| 7 | Magnús K Sigurjónsson | 1870 | $0^{6}$ | $1^{15}$ | $1^{12}$ | $1^{11}$ | $0^{3}$ | ½$^{8}$ | 3,5 | 14,5 |
| 8 | Stefán Andrésson | 1890 | $0^{4}$ | $0^{10}$ | $1^{16}$ | $1^{15}$ | $1^{17}$ | ½$^{7}$ | 3,5 | 12,5 |
| 9 | Rúnar Sigurpálsson | 2065 | $1^{16}$ | $0^{1}$ | $1^{10}$ | $0^{4}$ | $0^{6}$ | $1^{12}$ | 3 | 16 |
| 10 | Sigurjón Sigurbjörnsson | 1955 | $1^{17}$ | $1^{8}$ | $0^{9}$ | $1^{13}$ | $0^{4}$ | $0^{2}$ | 3 | 15 |
| 11 | Sigurður G Daníelsson | 1980 | $1^{18}$ | $0^{3}$ | $0^{13}$ | $0^{7}$ | $1^{14}$ | $1^{15}$ | 3 | 12,5 |
| 12 | Guðmundur Magnús Daðason | 1900 | $0^{1}$ | $1^{5}$ | $0^{7}$ | $1^{14}$ | ½$^{13}$ | $0^{9}$ | 2,5 | 16 |
| 13 | Ægir Páll Friðbertsson | 2105 | $1^{15}$ | $0^{6}$ | $1^{11}$ | $0^{10}$ | ½$^{12}$ | $0^{5}$ | 2,5 | 13,5 |
| 14 | Jóhannes Ragnarsson | 1620 | $0^{3}$ | $1^{17}$ | $0^{4}$ | $0^{12}$ | $0^{11}$ | $1^{18}$ | 2 | 14 |
| 15 | Sigurður Jóhann Hafberg | 0 | $0^{13}$ | $0^{7}$ | $1^{18}$ | $0^{8}$ | $1^{16}$ | $0^{11}$ | 2 | 12,5 |
| 16 | Halldór Bjarkason | 0 | $0^{9}$ | $1^{18}$ | $0^{8}$ | $0^{5}$ | $0^{15}$ | $1^{17}$ | 2 | 12,5 |
| 17 | Örn Valsson | 0 | $0^{10}$ | $0^{14}$ | $0^{5}$ | $1^{18}$ | $0^{8}$ | $0^{16}$ | 1 | 12,5 |
| 18 | Sævar Jens Hafberg | 0 | $0^{11}$ | $0^{16}$ | $0^{15}$ | $0^{17}$ | $0^{5}$ | $0^{14}$ | 0 | 11 |